

ABCD

KPMG á Íslandi
Skattasvið
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/501
komudagur 6.12.2004

Sími: 545 6000
Fax: 545 6007
Veffang: www.kpmg.is

Til Efnahags og viðskiptanefnd

Dagsetning 3. desember 2004

Frá KPMG Endurskoðun hf.

Tilvísun 20041203_Minnisblað til Efnahags og
viðskiptanefnd.doc

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendi KPMG Endurskoðun hf. frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 351 til umsagnar þann 25. nóvember sl.

Þrátt fyrir að KPMG telji þörf á breytingu ýmissa ákvæða laga nr. 90/2003 verður látið sitja við það eitt að veita umsögn um þau ákvæði er koma fram í frumvarpinu án þess að koma með tillögur að öðrum úrbótum á regluverkinu. Eins mun KPMG ekki koma með umsögn um prósentulækkanir eða þær breytingar á bótakerfum sem koma fram í frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

20. gr.

KPMG telur það ekki vera í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins að 82. gr. og 83. gr. laga nr. 90/2003 falli ekki brott. Þannig skal fara fram eignarskattsútreikningur þó að eignir séu ekki skattskyldar heldur bara framtalsskyldar. Væntanlega eiga umræddar greinar að vera inni vegna ársloka þessa árs, en þó virðist ekki vera innbyrðis samhengi milli greina frumvarpsins í þessu efni. Það sem kemur fram í gildistökuákvæði laganna um að 20. gr. falli brott 31. desember 2005 er ekki fullnægjandi til að fella 82. og 83. gr. brott. Það er einnig mat KPMG að lagaskilin hvað varðar eignarskattsníðurfellingu séu mjög óljós og í raun þarf að beita talsverðum vilja til að lesa út úr frumvarpinu hvenær eigi að fella eignarskattinn niður. Það kemur hins vegar skýrt fram í greinargerð með lögunum að skatturinn falli úr gildi í árslok 2005. Það er mat KPMG að það þurfi að skoða þennan þátt betur og hugsanlega færa eignarskattshlutann í þann kafla sem fjallar um ákvæði til bráðabirgða.

24. gr.

Í 24. gr. er lagt til að gerð verði nokkuð veigamikil breyting á endurákvörðunarrétti skattyfirvalda. Það er mat KPMG að umrætt frumvarpsákvæði sé of óljóst og opið. Þannig geta frestir skattyfirvalda í raun orðið mjög langir séu ekki settar einhverjar takmarkanir inn í ákvæðið. Samkvæmt ákvæðinu gæti skattstjóri sent erindi til skattrannsóknarstjóra eða ríkislöggreglustjóra þegar frestur til endurákvörðunar er að renna út án þess að nægjanleg rannsókn hafi farið fram og þannig mögulega framlengt frest sinn verulega. Slík málsmeðferð gæti auðveldlega gengið gegn málshraðareglu stjórnarsýslulaga. Það er því mat KPMG að fella eigi ákvæðið úr frumvarpinu eða breyta því verulega.

KPMG hefur ekki farið nákvæmlega yfir II – LI kafla frumvarpsins og veitir því ekki umsögn um þá þætti frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Hörður Guðmundsson, hdl.